

2.fundur foreldrafélags GSS 3.október 2017

Mætt voru:

Erla Friðriksdóttir og Dominka (1.bekkur), Rúnar Birgisson (2.bekkur), Bjarney Inga Sigurðardóttir og Bjarndís Emilsdóttir (3.bekkur), Sigrún Anna og Guðrún Harpa (4.bekkur), Haukur Garðarson og Særún Sigurðardóttir (5.-6.bekkur), Áskell Áskelsson, Anna Reynisdóttir og Páll Aðalsteinsson (7.bekkur), Jóhanna (8.bekkur), María Valdimars (9.bekkur), Jón Þór Eypórsson og Kristín Víðisdóttir (10.bekkur).

Ester, Dóra Björk og Jón létu vita að þau myndu ekki komast.

Formaður setti fundinn og byrjað var á að fara yfir fundargerð seinasta fundar lauslega.

1. Félagsgjald.

Gjaldkeri seinasta árs var ekki boðaður á fyrsta fundinn, þannig að ekki fengust upplýsingar þá um stöðu reikninganna. Núna er formaður kominn með ársreikninginn og fór lauslega yfir hann. Búið er að senda út reikning á þá styrki sem átti eftir að fá greidda.

Aðalmálið var spurningin um félagssgjöldin, og hvort ætti að hækka þau eða halda þeim eins. Þegar farið var að rannsaka þau mál, kom í ljós að aðeins er hægt að breyta félagsgjaldinu á félagsfundi ekki aðalfundi, og í framhaldi af því vöknudu upp spurningar af hverju er ekki hægt að sjá reikninga félagsins og stöður þess. Sjá mál 3.

Reikningurinn stendur í 364.000 kr núna.

2. Næsta ár.

Guðrún Harpa verður á næsta ári fyrir tíunda bekk vegna raðarinnar, þannig að hún bauð strax fram kost á sér til næsta árs.

3. Foreldrafélagið

Minnst var á myndband frá Samfoki, þar sem koma fram starfsreglur foreldrafélags, sem gott er að skoða á skjánum á næsta fundi. Haukur ætlar að senda á okkur hlekkinn, ásamt punktum frá sér.

Hugmyndir á seinasta ári sprotnar frá starfsemi foreldrafélagsins, hvort að við viljum taka meiri þátt í starfinu og vera virkari. Erum við bara að gera það sem þarf að gera, eða viljum við gera eitthvað meira? Til þess þarf að fara yfir reglurnar og endurskoða þær krefst mikillar vinnu.

Stungið var upp á að við stofnum nefnd sem myndi endurskoða reglur foreldrafélagsins og hlutverk þess, ásamt samstarfi félagsins með ráðum og nefndum sem það á þátt í. Setja þetta í fastar skorður, svo auðveldara sé að ganga í starfið ár eftir ár og auðveldara aðgengi almennings og félagsaðila að upplýsingum um stjórnun og reikninga félagsins.

– Haukur tilnefndi sjálfan sig, og Erlu, ásamt Berglindi skólustjóra. Gott væri að bæta við einum aðila í viðbót.

4. Jólaföndur

Í fyrra var sett hámark 1000 kr og ríkti almenn ánægja með það. Mikilvægt að foreldrar sem sjá um jólaföndrið verði búin að ræða saman og skipuleggja, því upp hafi komið áður að hráefnin hafi klárast. Á næsta fundi viljum við vera komin með hugmyndir og geta mögulega þá pantað saman.

Mikilvægt að hugsa um getu barnanna, og haga föndrinu eftir því. Þessu er skipt á tvö kvöld, vegna aðbúnaðar.

Ágætt er að finna dag fljótlega, er í enda nóvember eða byrjun desember – María Valdimars tók að sér að finna dagsetningu sem virkar með hinu ýmsa félagsstarfi sem er í boði. Gert er ráð fyrir að mæting verði kl.18.00 eða þar í kring.

5. Stjórn foreldrafélags 2017-18 á Facebook?

Kosið var um og ákveðið var að setja upp lokaðan hóp stjórnar þessa skólaárs. Ritari setur hann upp.

7. Prókúruhafar og reikningar

Ákveðið var að skólastjóri sé alltaf prókúruhafi reikninga árganga, ásamt einu foreldri árgangsins, sem er það árið í foreldrafélaginu. Nemendur fái reikning þegar þau hefja söfnun fyrir menningarferð/skiðaferð.

Prókúruhafar árganga eru eftirfarandi (ásamt skólastjóra):

2008 – Sigrún Anna Jónsdóttir og Guðrún Harpa Gunnarsdóttir

2007 – Haukur Garðarsson

2006 – Særún Sigurðardóttir

2005 – Páll Aðalsteinsson

2004 – Áskell Áskelsson og Berglind Eva Ólafsdóttir

2003 – María Alma Valdimarsdóttir

2002 – Kristín Víðisdóttir

8. Fyrirlesturinn

Að gefinni þeirri forsendu að skólinn og leikskólinn taki þátt með foreldrafélaginni, verður sjálfsmynd.wordpress.com með fyrirlestur fyrir foreldra um sjálfsmynd og líkamsmynd barna.

9. Annað

Sett var fram athugasemd um nýlega upptekna gjaldtöku fyrir lánuð sundföt og handklæði í íþróttahúsinu. Almenn óánægja ríkti með þá ákvörðun, og tekin var ákvörðun um að leita svara hjá skólanum. Á næsta fundi verður þetta mál tekið upp og ályktun sett fram.

Í framhaldi af þessu vaknaði upp umræða um þrif eftir íþróttatíma barnanna, og þá staðreynd að börnin megi ekki sturta sig. Almenn óánægja ríkti með það og tekin var ákvörðun um að leita svara hjá skólanum. Á næsta fundi verður þetta mál tekið upp og ályktun sett fram.

Umræða skapaðist því af notkun íþróttahússins og hvernig hægt sé að vinna með skólanum og starfsmönnum íþróttahússins að auðvelda aðgengi barnanna að húsakostunum.